

AUGLÝSING

um samning um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa.

Hinn 14. ágúst 1996 var hollenska utanríkisráðuneytinu afhent aðildarskjal Íslands vegna samnings um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa sem gerður var í Haag 25. október 1980. Alþingi hafði með ályktun 22. maí 1996 heimilað að Ísland gerðist aðili að samningnum. Samningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 1. nóvember 1996.

Við afhendingu aðildarskjalsins voru af Íslands hálfu gerðir tveir fyrirvarar við samninginn. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og fyrirvararnir sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. ágúst 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR um einkaréttarleg áhrif af brottnámi barna til flutnings milli landa.

Þau ríki sem undirritað hafa þennan samning, sem eru eindregið þeirrar skoðunar að hagsmunir barna skipti mestu máli þegar fjallað er um forsjá þeirra og vilja veita börnum alþjóðlega vernd fyrir skaðlegum áhrifum þess að þau séu flutt á brott með ólögætum hætti eða haldið á ólögætum

CONVENTION on the Civil Aspects of International Child Abduction

The States signatory to the present Convention, Firmly convinced that the interests of children are of paramount importance in matters relating to their custody, Desiring to protect children internationally from the harmful effects of their wrongful removal or retention and to establish procedures

hátt og koma á fyrirkomulagi sem tryggir að þeim sé skilað með skjótum hætti til þess ríkis þar sem þau eru búsett svo og til að tryggja verndun umgengnisréttar,

hafa ákveðið að gera með sér samning í þessu skyni og hafa orðið ásátt um eftirfarandi ákvæði:

I. KAFLI Gildissvið samningsins.

1. gr.

Markmið samnings þessa eru:

- a) að tryggja að börnum, sem flutt eru með ólögum hætti til samningsríkis eða haldið þar á ólögum hátt, sé skilað með skjótum hætti; og
- b) að sjá til þess að forsjárréttur og umgengnisréttur samkvæmt lögum eins samningsríkis sé í raun virtur í öðrum samningsríkjum.

2. gr.

Samningsríki skulu grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að tryggja að markmiðum samningsins verði náð innan landsvæða sinna. Í þessu skyni skulu þau beita skjótustu málsmeðferð sem völ er á.

3. gr.

Litið skal svo á að brottflutningur eða hald á barni sé ólögum þegar:

- a) það felur í sér brot á forsjárrétti sem maður, stofnun eða einhver annar aðili hefur á hendi, annaðhvort einn eða með öðrum, samkvæmt lögum þess ríkis þar sem barnið var búsett rétt áður en það var flutt á brott eða því haldið; og
- b) sá aðili fór í raun með forsjána, annaðhvort einn eða með öðrum, á þeim tíma er brottflutningur eða hald átti sér stað eða hefði farið með hana ef brottflutningurinn eða haldið hefði ekki átt sér stað.

Forsjárréttur sá, sem nefndur er í a-lið, getur einkum verið leiddur af lögum eða komið til vegna ákvörðunar dómara eða stjórnvalds, eða vegna samnings sem hefur lagalegt gildi samkvæmt lögum þess ríkis.

4. gr.

Samningurinn skal eiga við um hvert það barn sem var búsett í samningsríki rétt áður en brot gegn forsjár- eða umgengnisrétti átti sér stað. Samningurinn á ekki við eftir að barnið nær 16 ára aldri.

to ensure their prompt return to the State of their habitual residence, as well as to secure protection for rights of access,

Have resolved to conclude a Convention to this effect, and have agreed upon the following provisions:

CHAPTER I Scope of the Convention

Article 1

The objects of the present Convention are:

- a) to secure the prompt return of children wrongfully removed to or retained in any Contracting State; and
- b) to ensure that rights of custody and of access under the law of one Contracting State are effectively respected in the other Contracting States.

Article 2

Contracting States shall take all appropriate measures to secure within their territories the implementation of the objects of the Convention. For this purpose they shall use the most expeditious procedures available.

Article 3

The removal or the retention of a child is to be considered wrongful where:

- a) it is in breach of rights of custody attributed to a person, an institution or any other body, either jointly or alone, under the law of the State in which the child was habitually resident immediately before the removal or retention; and
- b) at the time of removal or retention those rights were actually exercised, either jointly or alone, or would have been so exercised but for the removal or retention.

The rights of custody mentioned in sub-paragraph a) above, may arise in particular by operation of law or by reason of a judicial or administrative decision, or by reason of an agreement having legal effect under the law of that State.

Article 4

The Convention shall apply to any child who was habitually resident in a Contracting State immediately before any breach of custody or access rights. The Convention shall cease to apply when the child attains the age of 16 years.

5. gr.

Í samningi þessum:

- a) felur „forsjárréttur“ í sér rétt sem varðar umönnun barnsins sjálfs og sérstaklega rétt til að taka ákvörðun um búsetu þess;
- b) felur „umgengnisréttur“ í sér rétt til að fara með barn um takmarkaðan tíma til annars staðar en þar sem það býr.

II. KAFLI Móttökustjórnvöld.

6. gr.

Samningsríki skal tilnefna móttökustjórnvald til að annast þau störf sem falin eru slíkum stjórnvöldum í samningnum.

Sambandsríkjum, ríkjum með fleiri en eitt réttarkerfi eða ríkjum með sjálfstæðar staðbundnar stofnanir er frjálst að tilnefna fleiri en eitt móttökustjórnvald og að tilgreina til hvaða landsvæða vald þeirra nær. Hafi ríki tilnefnt fleiri en eitt móttökustjórnvald skal það tilnefna það móttökustjórnvald sem senda má beiðnir til svo framsenda megi þær viðkomandi móttökustjórnvaldi innan þess ríkis.

7. gr.

Móttökustjórnvöld skulu hafa samvinnu sín á milli og stuðla að samvinnu milli þar til bærra yfirvalda í ríkjum sínum til að tryggja að börnum verði skilað með skjótum hætti og til að ná öðrum markmiðum þessa samnings.

Einkum skulu þau, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu annarra, gera allt sem við á:

- a) til að finna hvar barn, sem flutt hefur verið á brott með ólögætum hætti eða er haldið á ólögætum hátt, er niðurkomið;
- b) til að koma í veg fyrir að barnið bíði frekari skaða eða að hagsmunum þeirra aðila sem mál varðar verði stefnt í frekari hættu með því að grípa til eða sjá til þess að gripið verði til bráðabirgðaráðstafana;
- c) til að tryggja að barninu verði skilað af frjálsum vilja eða til að vinsamleg lausn verði fundin á málinu;
- d) til að skiptast á upplýsingum um félagslega hagi barnsins, ef æskilegt er;
- e) til að veita upplýsingar almenns eðlis um lög ríkis síns í tengslum við beitingu samningsins;
- f) til að hefja eða greiða fyrir því að hafin

Article 5

For the purposes of this Convention:

- a) 'rights of custody' shall include rights relating to the care of the person of the child and, in particular, the right to determine the child's place of residence;
- b) 'rights of access' shall include the right to take a child for a limited period of time to a place other than the child's habitual residence.

CHAPTER II Central Authorities

Article 6

A Contracting State shall designate a Central Authority to discharge the duties which are imposed by the Convention upon such authorities.

Federal States, States with more than one system of law or States having autonomous territorial organizations shall be free to appoint more than one Central Authority and to specify the territorial extent their powers. Where a State has appointed more than one Central Authority, it shall designate the Central Authority to which applications may be addressed for transmission to the appropriate Central Authority within that State.

Article 7

Central Authorities shall co-operate with each other and promote co-operation amongst the competent authorities in their respective State to secure the prompt return of children and to achieve the other objects of this Convention.

In particular, either directly or through any intermediary, they shall take all appropriate measures:

- a) to discover the whereabouts of a child who has been wrongfully removed or retained;
- b) to prevent further harm to the child or prejudice to interested parties by taking or causing to be taken provisional measures;
- c) to secure the voluntary return of the child or to bring about an amicable resolution of the issues;
- d) to exchange, where desirable, information relating to the social background of the child;
- e) to provide information of a general character as to the law of their State in connection with the application of the Convention;
- f) to initiate or facilitate the institution of judi-

verði málsmeðferð fyrir dómstólum eða stjórnvöldum í því skyni að fá barni skilað og, þegar við á, til að umgengnisréttur verði fastsettur eða tryggt að hann nái í raun fram að ganga;

g) til að veita eða greiða fyrir því að veitt sé lögfræðileg aðstoð og ráðgjöf þar sem aðstæður krefjast þess, þar á meðal þannig að lögmenn og ráðgjafar komi inn í mál;

h) til að þær stjórnvaldsaðgerðir verði gerðar sem taldar eru nauðsynlegar og viðeigandi til að tryggja að barninu verði skilað heilu á húfi;

i) til að veita hvert öðru upplýsingar um framkvæmd samningsins og eyða, eftir því sem unnt er, öllum hindrunum sem standa kunna í vegi fyrir beitingu hans.

III. KAFLI Börnum skilað.

8. gr.

Hver sá maður, stofnun eða annar aðili, sem heldur því fram að farið hafi verið með barn á brott eða að því sé haldið í blóra við forsjárrétt, getur annaðhvort sótt um aðstoð til móttökustjórnvalds þar sem barnið hefur búsetu eða til móttökustjórnvalds annars samningsríkis til að tryggja að barninu verði skilað.

Í beiðni skulu koma fram:

a) upplýsingar um hver sé beiðandi, hvert barnið sé og hver sá maður sé sem haldið er fram að hafi farið með barnið á brott eða haldi því;

b) upplýsingar um fæðingardag barnsins, ef þær eru fyrir hendi;

c) þær ástæður sem beiðandi byggir kröfu sína á um að barninu verði skilað;

d) allar upplýsingar sem fyrir hendi eru um hvar barnið sé niðurkomið og hver sá maður sé sem barnið er talið vera hjá.

Beiðninni má láta fylgja eða bæta má við hana síðar:

e) staðfestu endurríti af hverri þeirri ákvörðun eða samningi sem máli skiptir;

f) vottorði eða yfirlýsingu frá móttökustjórnvaldi, eða öðru þar til bæru yfirvaldi í því ríki þar sem barnið hefur búsetu, eða frá hæfum manni, varðandi þau lög þess ríkis sem við eiga;

g) hverju því skjali öðru sem máli skiptir.

9. gr.

Hafi móttökustjórnvald, sem tekur við beiðni skv. 8. gr., ástæðu til að ætla að barnið sé í öðru samningsríki skal það án tafar senda beiðnina

cial or administrative proceedings with a view to obtaining the return of the child and, in a proper case, to make arrangements for organizing or securing the effective exercise of rights of access;

g) where the circumstances so require, to provide or facilitate the provision of legal aid and advice, including the participation of legal counsel and advisers;

h) to provide such administrative arrangements as may be necessary and appropriate to secure the safe return of the child;

i) to keep each other informed with respect to the operation of this Convention and, as far as possible, to eliminate any obstacles to its application.

CHAPTER III Return of children

Article 8

Any person, institution or other body claiming that a child has been removed or retained in breach of custody rights may apply either to the Central Authority of the child's habitual residence or to the Central Authority of any other Contracting State for assistance in securing the return of the child.

The application shall contain:

a) information concerning the identity of the applicant, of the child and of the person alleged to have removed or retained the child;

b) where available, the date of birth of the child;

c) the grounds on which the applicant's claim for return of the child is based;

d) all available information relating to the whereabouts of the child and the identity of the person with whom the child is presumed to be.

The application may be accompanied or supplemented by:

e) an authenticated copy of any relevant decision or agreement;

f) a certificate or an affidavit emanating from a Central Authority, or other competent authority of the State of the child's habitual residence, or from a qualified person, concerning the relevant law of that State;

g) any other relevant document.

Article 9

If the Central Authority which receives an application referred to in Article 8 has reason to believe that the child is in another Contracting

beint til móttökustjórnvalds þess samningsríkis og tilkynna móttökustjórnvaldinu, sem bar fram beiðnina, eða beiðanda, eftir því sem við á, um það.

10. gr.

Móttökustjórnvald þess ríkis þar sem barnið er skal gera eða sjá um að gerðar séu allar ráðstafanir sem við eiga til að barninu verði skilað af frjálsum vilja.

11. gr.

Dómstólar eða stjórnvöld samningsríkja skulu hraða málsmeðferð vegna afhendingar á barni.

Hafi viðkomandi dómstóll eða stjórnvald ekki komist að niðurstöðu innan sex vikna frá þeim degi er meðferð máls hófst eiga beiðandi eða móttökustjórnvald þess ríkis sem beiðni er beint til, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að ósk móttökustjórnvalds þess ríkis sem ber fram beiðni, rétt á að óska eftir greinargerð um ástæður tafarinnar. Ef móttökustjórnvaldi þess ríkis, sem beiðni er beint til, berst svar skal það senda það móttökustjórnvaldi þess ríkis sem ber fram beiðni eða beiðanda, eftir því sem við á.

12. gr.

Þegar barn hefur verið flutt á brott með ólög-mætum hætti eða því er haldið á ólög-mætan hátt, sbr. 3. gr., og ekki er liðið eitt ár frá þeim degi er hinn ólög-mæti brottflutningur átti sér stað eða ólög-mætt hald hófst, á þeim degi er máls-meðferð hefst fyrir dómstóli eða stjórnvaldi þess samningsríkis þar sem barnið er, skal viðkomandi dómstóll eða stjórnvald skipa svo fyrir að barninu skuli skilað þegar í stað.

Jafnvel þótt málsmeðferð hafi hafist eftir að eins árs frestinum, sem vísað er til í undanfarandi málsgrein, lauk skal dómstóll eða stjórnvald einnig fyrirskipa að barninu skuli skilað, nema sýnt sé fram á að barnið hafi þá aðlagast hinu nýja umhverfi sínu.

Dómstóll eða stjórnvald í því ríki, sem beiðni er beint til, getur stöðvað málsmeðferð eða vísað frá beiðni um að barninu sé skilað, ef það hefur ástæðu til að ætla að farið hafi verið með barnið til annars ríkis.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði undanfarandi greinar ber dómstóli eða stjórnvaldi í því ríki, sem beiðni er

State, it shall directly and without delay transmit the application to the Central Authority of that Contracting State and inform the requesting Central Authority, or the applicant, as the case may be.

Article 10

The Central Authority of the State where the child is shall take or cause to be taken all appropriate measures in order to obtain the voluntary return of the child.

Article 11

The judicial or administrative authorities of Contracting States shall act expeditiously in proceedings for the return of children.

If the judicial or administrative authority concerned has not reached a decision within six weeks from the date of commencement of the proceedings, the applicant or the Central Authority of the requested State, on its own initiative or if asked by the Central Authority of the requesting State, shall have the right to request a statement of the reasons for the delay. If a reply is received by the Central Authority of the requested State, that Authority shall transmit the reply to the Central Authority of the requesting State, or to the applicant, as the case may be.

Article 12

Where a child has been wrongfully removed or retained in terms of Article 3 and, at the date of the commencement of the proceedings before the judicial or administrative authority of the Contracting State where the child is, a period of less than one year has elapsed from the date of the wrongful removal or retention, the authority concerned shall order the return of the child forthwith.

The judicial or administrative authority, even where the proceedings have been commenced after the expiration of the period of one year referred to in the preceding paragraph, shall also order the return of the child, unless it is demonstrated that the child is now settled in its new environment.

Where the judicial or administrative authority in the requested State has reason to believe that the child has been taken to another State, it may stay the proceedings or dismiss the application for the return of the child.

Article 13

Notwithstanding the provisions of the preceding Article, the judicial or administrative author-

beint til, ekki skylda til að fyrirskipa að barninu sé skilað ef sá maður, stofnun eða annar aðili sem mótmælir afhendingu þess sýnir fram á að:

- a) sá maður, stofnun eða annar aðili, sem hafði umönnun barnsins með höndum, hafi í raun ekki farið með forsjárréttinn á þeim tíma er brottflutningur átti sér stað eða hald hófst eða hafi samþykkt eða síðar fallist á brottflutninginn eða haldið; eða
- b) alvarleg hættu sé á að afhendingin muni valda barninu líkamlegum eða andlegum skaða eða á annan hátt koma því í óbærilega stöðu.

Dómstóll eða stjórnvald getur einnig neitað að fyrirskipa að barninu skuli skilað ef það telur að barnið sé andvíggt því og að það hafi náð þeim aldri og þroska að rétt sé að taka tillit til skoðana þess.

Við mat á aðstæðum, sem fjallað er um í þessari grein, skulu dómstólar og stjórnvöld taka tillit til upplýsinga um félagslega hagi barnsins sem móttökustjórnvald, eða annað þar til bært yfirvald, þar sem barnið hefur búsetu hefur aflað.

14. gr.

Við ákvörðun um það hvort ólögmaður brottflutningur eða hald, í skilningi 3. gr., hafi átt sér stað geta dómstólar eða stjórnvöld þess ríkis, sem beiðni er beint til, tekið beint mið af lögum þess ríkis þar sem barnið hefur búsetu og af ákvörðunum dómstóla eða stjórnvalda þar hvort sem þeir eru formlega viðurkenndir eða ekki, án þess að beitt sé sérstakri málsmeðferð, sem ella mundi eiga við, til sönnunar á efni þessara laga-reglna eða til viðurkenningar á erlendum ákvörðunum.

15. gr.

Dómstólar eða stjórnvöld í samningsríki geta, áður en þau gefa út fyrirmæli um að barni skuli skilað, óskað eftir því að beiðandi afli úrskurðar eða annarrar ákvörðunar frá yfirvöldum í ríki þar sem barn var búsett, þess efnis að brottflutningurinn eða haldið hafi verið ólögmaður í skilningi 3. gr. samningsins, enda sé mögulegt að afla slíks úrskurðar eða ákvörðunar í því ríki. Móttökustjórnvöld samningsríkja skulu aðstoða beiðendur eftir föngum við að afla slíkra úrskurða eða ákvarðana.

ity of the requested State is not bound to order the return of the child if the person, institution or other body which opposes its return establishes that:

- a) the person institution or other body having the care of the person of the child was not actually exercising the custody rights at the time of removal or retention, or had consented to or subsequently acquiesced in the removal or retention; or
- b) there is a grave risk that his or her return would expose the child to physical or psychological harm or otherwise place the child in an intolerable situation.

The judicial or administrative authority may also refuse to order the return of the child if it finds that the child objects to being returned and has attained an age and degree of maturity at which it is appropriate to take account of its views.

In considering the circumstances referred to in this Article, the judicial and administrative authorities shall take into account the information relating to the social background of the child provided by the Central Authority or other competent authority of the child's habitual residence.

Article 14

In ascertaining whether there has been a wrongful removal or retention within the meaning of Article 3, the judicial or administrative authorities of the requested State may take notice directly of the law of, and of judicial or administrative decisions, formally recognized or not in the State of the habitual residence of the child, without recourse to the specific procedures for the proof of that law or for the recognition of foreign decisions which would otherwise be applicable.

Article 15

The judicial or administrative authorities of a Contracting State may, prior to the making of an order for the return of the child request that the applicant obtain from the authorities of the State of the habitual residence of the child a decision or other determination that the removal or retention was wrongful within the meaning of Article 3 of the Convention, where such a decision or determination may be obtained in that State. The Central Authorities of the Contracting States shall so far as practicable assist applicants to obtain such a decision or determination.

16. gr.

Dómstólar eða stjórnvöld þess sammingsríkis, sem barnið hefur verið flutt til eða er haldið í, skulu, eftir að þeim hefur borist tilkynning um ólögmatan brottflutning eða hald á barni í skilningi 3. gr., ekki úrskurða um forsjárréttinn fyrr en ákveðið hefur verið að barninu verði ekki skilað samkvæmt þessum samningi eða hæfilegur frestur er liðinn frá því að tilkynning var móttækin án þess að beiðni samkvæmt samningnum hafi verið lögð fram.

17. gr.

Synjun á að skila barni samkvæmt þessum samningi verður ekki byggð á því einu að úrskurður varðandi forsjá hafi verið kveðinn upp, eða skuli viðurkenndur, í því ríki sem beiðni er beint til, en dómstólar eða stjórnvöld þess ríkis geta tekið tillit til forsendna slíks úrskurðar við beitingu samningsins.

18. gr.

Ákvæði þessa kafla takmarka ekki heimild dómstóls eða stjórnvalds til að skipa svo fyrir hvenær sem er að barni skuli skilað.

19. gr.

Ekki skal litið svo á að í ákvörðun um að skila barni samkvæmt þessum samningi felist efnisleg úrlausn neins álitamáls varðandi forsjá.

20. gr.

Heimilt er að synja um afhendingu á barni samkvæmt ákvæðum 12. gr. ef hún væri óheimil samkvæmt grundvallarreglum þess ríkis, sem beiðni er beint til, um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

IV. KAFLI Umgengnisréttur.

21. gr.

Beiðni um aðgerðir til að ákveða umgengnisrétt eða til að tryggja að hann nái í raun fram að ganga má leggja fyrir móttökustjórnvöld sammingsríkjanna á sama hátt og beiðni um að barni skuli skilað.

Eins og segir í 7. gr. eru móttökustjórnvöldin skuldbundin til samvinnu til að greiða fyrir því að unnt sé að njóta umgengnisréttar með friðsömum hætti og að þeim skilyrðum, sem sett hafa verið fyrir umgengni, sé fullnægt. Móttöku-

Article 16

After receiving notice of a wrongful removal or retention of a child in the sense of Article 3, the judicial or administrative authorities of the Contracting State to which the child has been removed or in which it has been retained shall not decide on the merits of rights of custody until it has been determined that the child is not to be returned under this Convention or unless an application under this Convention is not lodged within a reasonable time following receipt of the notice.

Article 17

The sole fact that a decision relating to custody has been given in or is entitled to recognition in the requested State shall not be a ground for refusing to return a child under this Convention, but the judicial or administrative authorities of the requested State may take account of the reasons for that decision in applying this Convention.

Article 18

The provisions of this Chapter do not limit the power of a judicial or administrative authority to order the return of the child at any time.

Article 19

A decision under this Convention concerning the return of the child shall not be taken to be a determination on the merits of any custody issue.

Article 20

The return of the child under the provisions of Article 12 may be refused if this would not be permitted by the fundamental principles of the requested State relating to the protection of human rights and fundamental freedoms.

CHAPTER IV Rights of access

Article 21

An application to make arrangements for organizing or securing the effective exercise of rights of access may be presented to the Central Authorities of the Contracting States in the same way as an application for the return of a child.

The Central Authorities are bound by the obligations of cooperation which are set forth in Article 7 to promote the peaceful enjoyment of access rights and the fulfilment of any conditions to which the exercise of those rights may

stjórnvöldin skulu, eftir því sem unnt er, gera ráðstafanir til að ryðja úr vegi hindrunum fyrir því að unnt sé að njóta þessara réttinda.

Móttökustjórnvöldin geta, annaðhvort beint eða fyrir milligöngu annarra, hafið málsmeðferð eða veitt aðstoð til þess að hún verði hafin til að unnt sé að ákveða eða vernda þessi réttindi og tryggja að skilyrði fyrir umgengni séu virt.

V. KAFLI Almenn ákvæði.

22. gr.

Ekki má krefjast þess að lögð sé fram neins konar ábyrgð, skuldaryfirlýsing eða trygging til að ábyrgjast greiðslu útgjalda og kostnaðar af málsmeðferð fyrir dómstóli eða stjórnvaldi sem samningur þessi tekur til.

23. gr.

Ekki má krefjast opinberrar staðfestingar eða setja áþekk formaskilyrði varðandi samning þennan.

24. gr.

Beiðnir, tilkynningar og önnur skjöl, sem send eru móttökustjórnvaldi þess ríkis sem beiðni er beint til, skulu vera á frummálinu. Þeim skal fylgja þýðing á opinbert tungumál þess ríkis, sem beiðni er beint til, eða eitt hinna opinberu tungumála þess eða, sé það ekki unnt, þýðing á frönsku eða ensku.

Samningsríki getur þó, með því að gera fyrirvara í samræmi við 42. gr., mótmælt því að annaðhvort franska eða enska, þó ekki bæði tungumálin, sé notuð í beiðnum, tilkynningum og öðrum skjölum sem send eru móttökustjórnvaldi þess.

25. gr.

Ríkisborgarar samningsríkjanna og þeir sem búsettir eru í þessum ríkjum skulu, í málum sem snerta beitingu þessa samnings, eiga rétt á lögfræðilegri aðstoð og ráðgjöf í öðrum samningsríkjum með sömu skilyrðum og ef þeir væru sjálfir ríkisborgarar þess ríkis og búsettir í því.

26. gr.

Hvert móttökustjórnvald skal bera eigin kostnað við beitingu þessa samnings.

Móttökustjórnvöld og aðrar opinberar stofnanir samningsríkja skulu ekki leggja á nein gjöld í sambandi við beiðnir sem lagðar eru fram

be subject. The Central Authorities shall take steps to remove, as far as possible, all obstacles to the exercise of such rights.

The Central Authorities, either directly or through intermediaries, may initiate or assist in the institution of proceedings with a view to organizing or protecting these rights and securing respect for the conditions to which the exercise of these rights may be subject.

CHAPTER V General provisions

Article 22

No security, bond or deposit, however described, shall be required to guarantee the payment of costs and expenses in the judicial or administrative proceedings falling within the scope of this Convention.

Article 23

No legalization or similar formality may be required in the context of this Convention.

Article 24

